

SÉRÁLIT

fulltrúa umhverfis- og náttúruverndarsamtaka á samráðsvettvangi um vinnu vegna endurskoðunar laga um stjórn vatnamála skipuðum af umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra

Með erindisbréfi 21. febrúar 2025 skipaði ráðherra sex fulltrúa sína í s.k. verkefnahóp til að semja „tillögu að frumvarpi um breytingar á lögum um stjórn vatnamála eða endurnýjaðri löggjöf og hugsanlega öðrum lögum og viðhlítandi reglugerðum ef þörf er á“. Verkefnahópnum var í erindisbréfi veittur frestur til að skila tillögum sínum til 1. júní 2025. Í erindisbréfi sagði að hópurinn skyldi „viðhafa reglulegt samráð við viðeigandi ráðuneyti, og haghafa, m.a. atvinnuvegaráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök atvinnulífsins og fulltrúa frjálsra félagasamtaka auk annarra haghafa sem hópurinn metur að eiga þurfi samráð við. Hópurinn skal einnig eiga samráð við viðeigandi stofnanir eftir því sem tilefni er til.“ Ráðherra ákvað jafnframt að skipa s.k. samráðsvettvang og óskaði tilnefningar frjálsra félagasamtaka á hann. Var undirritaður tilnefndur af 32 slíkum samtökum á sviði umhverfis- og náttúruverndar 28. mars 2025. Boðaði ráðuneytið til tveggja funda, í maí og nóvember 2025, þar sem fulltrúar í verkefnahópi veittu almennt yfirlit um starf hópsins og svöruðu spurningum. Á samráðsgátt stjórnvalda 22. desember 2025 voru fulltrúum á samráðsvettvangi birt drög að frumvarpi til nýrra laga um stjórn vatnamála, um leið og almenningi, þar sem þeim, líkt og öllum almenningi, var gefinn kostur á að gera athugasemdir til og með 26. janúar 2026. Þann 22. janúar 2026 var undirrituðum fulltrúa tilkynnt að sá frestur yrði framlengdur til 2. febrúar 2026. Er slík umsögn hér með gerð í formi sérálits fyrir hönd félagasamtakanna sem tilnefndu fulltrúa á samráðsvettvanginn. Sérfræðingar á viðkomandi sviðum hafa komið að gerð sérálitsins á vegum félagasamtakanna þó ég beri einn ábyrgð á því.

Af hálfu frjálsra félagasamtaka er því fagnað að verkefnahópurinn hafi valið þá leið að semja drög að frumvarpi til nýrra laga um stjórn vatnamála. Líkt og rakið er í almennum athugasemdum er fylgja frumvarpsdrögnum hefur sýnt sig að verulegir hnökrar eru á innleiðingu vatnatilskipunar eins og framkvæmdin er og gildandi lög eru úr garði gerð, þó skammt sé frá því að reyna för á lögin, eða aðeins rúm þrjú ár, er upp kom ágreiningur um gildi virkjunarleyfis Hvammsvirkjunar sem var gefið út í desember 2022. Það mál er reifað í kafla 1.3 í almennum athugasemdum með frumvarpsdrögnum. Eru þessi misserin rekin mál af ýmsum aðilum á lægri dómstigum gegn íslenska ríkinu þar sem tekist er á um margs konar leyfi veitt á liðnum árum til starfsemi sem áhrif hefur á grunnvatn og yfirborðsvatn, þar með talinn strandsjó, en ástand viðkomandi vatnshlota er ómetið. Fordæmið sem til varð með dómi Evrópudómstólsins 1. júlí 2015, og reifað er í kafla 1.2 í almennum athugasemdum með frumvarpsdrögnum, er stefnumarkandi um þetta, og síðari dómar mikilvægur leiðarvísir.

Því ber að fagna að brugðist hefur verð að nokkru við fordæmum á vettvangi Evrópudómstólsins svo sem reifað er í almennum athugasemdum með frumvarpsdrögum. Um leið er það miður að ekki hefur verið tekist á við alla þá verulegu innleiðingargalla sem Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, telur enn vera til staðar á Íslandi og lýst er bæði í [skýrslum](#) stofnunarinnar um innleiðingu vatnaáætlunar frá 7. apríl 2025, en ekki síður í [bráðabirgðaáliti](#) hennar frá 6. júní 2025 um innleiðingu bindandi umhverfismarkmiða með setningu aðgerðaráætlunar vatnaáætlunar og framkvæmd þeirra aðgerða. Þær athugasemdir lúta m.a. að reglulegri og sérstakri endurskoðun útgefinna leyfa og eiga við um gildandi virkjunarleyfi og leyfi til sjókvíaeldis. Þau voru öll gefin út án þess að mat hafi verið lagt á hvort starfsemin muni leiða til hignunar vatnshlota, nema það sem minnst var á hér að framan. Þessi starfsemi er jafnframt sú sem skv. [skýrslum](#) ESA frá fyrra ári hefur langmest áhrif á vatnshlot í Noregi og á Íslandi. Ekki gefa [tillögur](#) sem nýlega voru gerðar aðgengilegar um undirbúning næstu vatnaáætlunar, sem gilda á 2028 til 2033, góðar vonir um að bætt verði á næstunni úr fyrri tregðu við að standa við samningsskuldbindingar EES-samningsins og koma á þeim aðgerðum sem þarf til að bindandi umhverfismarkmiðum verði náð. Ekki er í frumvarpsdrögnum brugðist við dómi EFTA-dómstólsins frá 16. desember 2025 í máli [E-7/25](#).

Varúðarregla svífur ekki beinlínis yfir vötnum í frumvarpsdrögnum og mörgum spurningum er ósvarað um framkvæmdina, svo sem um setningu umhverfismarkmiða, réttaráhrif og breytingar á vatnavefsjá, hvernig rikið hyggst koma ætluðum aðgerðum til framkvæmda og tryggja aðkomu almennings. Um það verður þó ekki deilt, að skyldur íslenska ríkisins skv. vatnatilskipun fela í sér tiltekna niðurstöðu eða

árangur (*obligation of result*) ólíkt annarri umhverfislöggjöf. Þetta þarf, líkt og varúðarreglan og virk þátttaka almennings, að endurspeglast í lögum og á orðalag eins og „leitast við“ ekki heima í lögum um stjórn vatnamála. Undirritaður bendir á að frumvarpsdrögin afnema lögbundna þátttöku félagasamtaka, en ráðgjafanefnd þeirra o.fl. er hluti stjórnvalda vatnamála skv. 1. mgr. 9. gr. gildandi laga. Virku samráði verður að finna stað í frumvarpi til nýrra laga, en samráðsvettvangur sem ráðherra yrði „heimilt“ að efna til skv. 10. gr. frumvarpsdraga lofar ekki góðu. Brot verða að sæta raunverulegum viðurlögum eins og vatnatilskipun krefst. Er í sérálitinu lögð til sektarákvæði lík þeim sem eru í samkeppnislögum. Í frumvarpsdrögin skortir ákvæði um tímafresti til að ná umhverfismarkmiðum en sá frestur leið 15 árum eftir að vatnatilskipunin varð bindandi hér á landi 1. maí 2009. Fresturinn er því þegar úti fyrir nokkrum misserum eða 1. maí 2024. Setur það stjórnvöldum vissar skorður. Í frumvarpsdrögin vantar fáeinar skilgreiningar og í athugasemdir þeirra skortir alveg á umfjöllun um sérstök jarðhita(vatns)hlut, sem enn hafa ekki verið afmörkuð, líkt og reifað er í [viðauka B](#) við skýrslu Veðurstofunnar frá 2019, sem og einnig fyrirheit um það hvenær stjórnvöld hyggist ljúka ástandsmati allra vatnshlota, en það hefur verið einn helsti Akkílesarhæll innleiðingar vatnatilskipunar hér á landi hingað til.

Úr fyrrgreindu og öðrum annmörkum frumvarpsdraganna er að nokkru og eftir föngum reynt að bæta í meðfylgjandi breytingatillögum sem settar eru inn sem breytingar á texta sjálfra frumvarpsdraganna, og eru tillögur undirritaðs rauðlitaðar en texti frumvarpsdraganna yfirstrikaður eftir því sem við á. Er hér litið til vatnatilskipunar en einnig norskra laga og íslenskra aðstæðna. Til hægðarauka er númerum frumvarpsgreina ekki riðlað, en alls eru gerðar athugasemdir við 21 af samtals 35 ákvæðum frumvarpsdraganna en hvorki hreyft við viðauka II né greinargerð. Þær nýju skilgreiningar sem er að finna í 3. gr. frumvarpsdraganna sýnast ekki allar nægilega ígrundaðar og er í séráliti mínu m.a. lagt til að skilgreining á stöðuvatni taki betur mið af frumtexta vatnatilskipunar og íslenskum lagalegum og jarðvísindalegum veruleika og sérstakur fyrirvari er um skilgreiningu straumvatns. Skipulega þarf að yfirfara allar nýju skilgreiningarnar að þessu leyti. Þá er bent á að rækilega þarf að fara yfir 35. gr. um breytingar á öðrum lögum og samræma en ekki gafst tækifæri til að fara gaumgæfilega yfir þá grein. Vona ég að vel verði tekið í þetta framlag frjálsra félagasamtaka til innleiðingar tilskipunarinnar þó vissulega verði það ekki fullkomið á svo skömmum tíma.

Takmarkaður tími er til stefnu, þar sem þingmálaskrá Alþingis gerir ráð fyrir framlagningu frumvarps þegar 27. febrúar 2026, eftir rétt tæpan mánuð. Sjálfsagt er kynna sérálitið fyrir ráðuneytinu á fundi og veita aðgang að vinnugögnum, en jafnframt er tekið fram að verkefnið hefur hingað til ekki notið opinbers stuðnings í neinu formi.

Reykjavík, 28. janúar 2026,



Snæbjörn Guðmundsson, jarðfræðingur,
fulltrúi 32 umhverfis- og náttúruverndarsamtaka á skipuðum samráðsvettvangi ráðherra.

157. löggjafarþing 2025 - 2026.

Þingskjal x — x. mál.

Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um stjórn vatnamála.

Frá umhverfis- orku- og loftslagsráðherra.

I. KAFLI

Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að vernda vatn og vistkerfi þess til þess að bæði yfirborðsvatn og grunnvatn njóti heildstæðrar verndar. Koma skal í veg fyrir hnignun á ástandi vatns og styrkja og endurheimta vatnshlot og vatnavistkerfi. Jafnframt er lögunum ætlað að tryggja sjálfbæra nýtingu yfirborðsvatns og grunnvatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar þannig að jafnvægi sé milli vatnstöku og endurnýjunar.

Til að ná fram markmiðum laga þessara skal staðfesta vatnaáætlun ásamt aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun hennar í samræmi við lög þessi til sex ára í senn. Til að ná fram markmiðum laga þessara skal setja fram vatnaáætlun aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun í samræmi við lög þessi sem eru endurskoðaðar á sex ára fresti.

2. gr.

Gildissvið.

Lög þessi taka til alls yfirborðsvatns, þ.e. straumvatna, stöðuvatna, ~~strandsjó~~ **strandsjávar** og árósavatns, sem og grunnvatns, til vistkerfa þeirra og til vistkerfa sem tengjast þeim að vatnsbúskap, sbr. viðauka I. Lög þessi taka til allrar starfsemi, framkvæmda, atvika, áætlana og stefna stjórnvalda sem geta haft áhrif á ástand vatns samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Árósavatn*: Vatn í nágrenni ármynnis, ísalt vegna nálægðar við strandsjó en undir verulegum áhrifum af aðstreymi ferskvatns.

2. *Ástand grunnvatns*: Almenn hugtak um ástand grunnvatnshlots sem ákvarðast af **magnstöðu eða efnafræðilegu ástandi þess, eftir því hvort er lakara.**

3. *Eðlisefnafræðilegir gæðapættir yfirborðsvatnshlots*: Gæðapættir sem hafa áhrif á lífríki vatns, svo sem sjóndýpi, hitastig, köfnunarefni, fosfór og súrefni.

4. *Efnafræðilegt ástand vatnshlots*: Niðurstaða vöktunar á forgangsefnum og öðrum mengandi efnum fyrir yfirborðsvatnshlot og grunnvatnshlot. Vatnshlot eru flokkuð í gott eða slæmt efnafræðilegt ástand sem byggt er á umhverfisgæðakröfum er koma fram í reglugerð um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

5. *Forgangsefni*: Hættuleg og þrávirk efni sem valda alvarlegri mengun eða eitrun í vatni eða út frá því, og raðað er í forgangsroð eftir hættu sem af þeim stafar.

6. *Gerð*: Skipting yfirborðsvatnshlota í mismunandi gerðir sem hafa ákveðin einkenni sem eru sameiginleg með mörgum vatnshlotum **[líkt og reifað er í kafla 2.2 í skýrslu Veðurstofunnar frá**

2019 um grunnvatn og í bráðabirgðayfirlit vatnaáætlunar 2028-2033 er vegna sérstöðu jarðfræði Íslands ástæða til að gerðaskipta einnig grunnvatni líkt og yfirborðsvatni].

7. *Gott ástand grunnvatns:* Ástand grunnvatnshlots, þegar bæði magnstaða og efnafræðilegt ástand þess er a.m.k. góð/gott.

8. *Gott ástand yfirborðsvatns:* Ástand yfirborðsvatnshlots, þegar bæði vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand þess er a.m.k. gott.

9. *Grunnvatn:* **Allt** vatn, kalt eða heitt, sem er neðan jarðar í samfelldu lagi, kyrrstætt eða rennandi og fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í viðkomandi jarðlagi [grunnvatn rennur alla jafna undan halla en stórir grunnvatnsgeymar].

10. *Grunnvatnshlot:* Afmörkuð eining grunnvatns innan veitis eða veita. Sett eru umhverfismarkmið fyrir hvert grunnvatnshlot.

11. *Hnignun á ástandi vatnshlots:* [hér þarf að koma skilgreining á þessu hugtaki, sem er grundvallarhugtak í frumvarpsdrögunum] Óheimilt er að veita leyfi sem leiðir til hnignunar á ástandi vatnshlots nema skilyrði séu til undanþágu.

12. *Liffræðilegir gæðapættir:* Gæðapættir sem notaðir eru til að greina vistfræðilegt ástand í yfirborðsvatnshlotum t.d. blaðgræna, hryggleysingar og fiskur.

13. *Magnstaða:* Mælikvarði á það hversu mikil áhrif vatnstaka, bein eða óbein, hefur á grunnvatnshlot. Magnstaða er skilgreind sem annaðhvort góð eða slæm.

14. *Manngert vatnshlot:* Yfirborðsvatnshlot sem hefur orðið til vegna athafna manna. Manngerð vatnshlot eru flokkuð eftir vistmegni þeirra.

15. *Mikið breytt vatnshlot:* Yfirborðsvatnshlot sem hefur tekið verulegum formfræðilegum breytingum vegna athafna manna og eru flokkuð eftir vistmegni þeirra.

16. *Neysluvatn:* Vatn í upphaflegu ástandi eða eftir meðhöndlun, án tillits til uppruna þess og hvort sem það kemur úr dreifikerfi, tönkum, flöskum eða öðrum ílátum og ætlað er til neyslu, eða matargerðar. Einnig allt vatn sem notað er í matvælafyrirtækjum, nema unnt sé að sýna fram á að gæði þess vatns sem notað er hafi ekki áhrif á heilnæmi framleiðslunnar.

17. *Straumvatn:* ~~Yfirborðs~~ **Vatn** sem rennur í farvegi ~~að mestu~~ á yfirborði jarðar ~~en getur runnið neðanjarðar í hluta farvegarins.~~ [Á Íslandi háttar þannig til sökum jarðfræðilegra aðstæðna að vatnsföll renna ekki neðanjarðar líkt og þau geta gert á meginlandi Evrópu þar sem neðanjarðarár finnast í hellum. Íslensk straumvötn geta horfið eða sokkið niður í jörðu en samlagast þá einfaldlega grunnvatni á viðkomandi stað og verða hluti þess.]

18. *Strandsjór:* Yfirborðsvatn landmegin við línu sem dregin er einni sjómílu utan grunnlínu landhelginnar og nær inn að ytri mörkum árósavatns.

19. *Stöðuvatn:* ~~Kyrrstætt~~ Yfirborðsvatn í náttúrulegri eða manngerðri lægð í yfirborði jarðar [vatnsbolur stöðuvatna er ekki kyrrstæður, þ.e. hreyfingarlaus, heldur flæðir vatn alla jafna um stöðuvötn, svo sem vegna straumvatna, sem renna í og úr þeim, eða með grunnvatnsflæði. Hér er réttara að nýta t.d. orðskýringu í íslenskri nútímamálsorðabók Árnastofnunar þar sem segir: „Stöðuvatn: vatnsfyllt lægð í yfirborð jarðar, oftast með innrennsli og affalli“, sjá einnig skilgr. í vatnalögum nr. 15/1923: „22. Stöðuvatn: Vatn sem sýnist slétt í logni og straumlaust að sjá enda þótt flætt geti gegnum það“ sem áréttar að stöðuvötn eru ekki kyrrstæðar einingar vatns heldur flæðandi].

20. *Vatnaáætlun:* Áætlun til sex ára eða skemmri tíma skv. IV. kafla, að meðtöldum aðgerða- og vöktunaráætlunum hennar og vatnavefsjá. Fyrsta vatnaáætlun gildir 4. apríl 2022 til 31. desember 2027, önnur vatnaáætlun skal gilda 1. janúar 2028 til 31. desember 2033 og næstu áætlanir eftir það til sex ára í senn að hámarki. Heimilt er að endurskoða vatnaáætlun í heild eða að hluta oftari en á sex ára fresti. Áætlun fellur úr gildi við lok gildistíma og framlengist ekki sjálfkrafa.

21. *Vatnasvið:* Aðrennslissvæði straumvatns, stöðuvatns, grunnvatnsstraums eða vatnsbóls.

22. *Vatnasvæði:* Landsvæði með einu eða fleiri vatnasviðum.

23. *Vatnaumdæmi:* Stjórnsýslueining sem nær til íslenskra vatnasvæða ásamt árósavatni og strandsjó sem þeim tengjast.

24. *Vatnavefsjá:* Landupplýsingakerfi fyrir stjórn vatnamála sem er hluti vatnaáætlunar og er rekið af Umhverfis- og orkustofnun í samstarfi við Veðurstofu Íslands.

25. *Vatnsformfræðilegir gæðapættir:* Gæðapættir sem notaðir eru til að greina vatnsformfræðilegt ástand yfirborðsvatnshlota t.d. rennsli, vatnshæð, gerð botns og samfellu.

26. *Vatnshlot:* Landfræðilega afmörkuð eining vatns, svo sem allt það vatn sem er að finna í einu stöðuvatni, hluta straumvatns eða strandsjávar. Sett eru umhverfismarkmið fyrir hvert vatnshlot.

27. *Veitir:* Berglag eða -lög undir yfirborði jarðar eða önnur jarðlög sem hafa nægilega lekt til að umtalsvert grunnvatn getur runnið um þau eða þar getur farið fram grunnvatnstaka í talsverðum mæli.

28. *Vistfræðilegt ástand:* Ástand líffræðilegra gæðapátta í yfirborðsvatnshloti, auk vatnsformfræðilegra og efna- og eðlisefnafræðilegra gæðapátta sem styðja við líffræðilegu gæðapættina og flokkast samkvæmt skilgreindri ástandsflokkun í mjög gott, gott, ekki viðunandi, slakt og lélegt vistfræðilegt ástand.

29. *Vismegin:* Ástand líffræðilegra gæðapátta í mikið breyttu eða manngerðu vatnshloti, auk vatnsformfræðilegra og efna- og eðlisefnafræðilegra gæðapátta sem styðja við líffræðilegu gæðapættina og flokkast samkvæmt skilgreindri ástandsflokkun í besta, gott, ekki viðunandi, slakt og lélegt vismegin.

30. *Yfirborðsvatn:* ~~Kýrrstætt eða rennandi vatn~~ **Allt vatn á yfirborði jarðar, þ.e. straumvötn, stöðuvötn, strandsjór og árósavatn [„kýrrstætt“ á ekki við yfirborðsvatnshlot, sbr. athugasemd við skilgreiningu að ofan um stöðuvötn].**

31. *Yfirborðsvatnshlot:* Afmörkuð eining yfirborðsvatns þ.e. afmörkuð eining stöðuvatns, straumvatns, strandsjávar eða árósavatns. Sett eru umhverfismarkmið fyrir hvert yfirborðsvatnshlot.

II. KAFLI

Stjórnvöld vatnamála.

[...]

6.gr.

Hlutverk Umhverfis- og orkustofnunar.

Umhverfis- og orkustofnun annast stjórnsýslu á sviði vatnsverndar í samræmi við fyrirmæli laga þessara.

Helstu verkefni Umhverfis- og orkustofnunar samkvæmt lögum þessum eru að:

a. vinna og hafa umsjón með gerð tillögu um vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun og endurskoðun þeirra að höfðu samráði við vatnaráð, vatnasvæðanefndir og ráðgjafanefnd,

b. tryggja miðlun upplýsinga og gagna og hafa umsjón með landfræðilegu upplýsingakerfi sem hýst er á vefsetri stjórnvalda,

c. sjá um útgáfu leiðbeininga vegna framkvæmdar laga þessara,

d. samhæfa og fylgja eftir framkvæmd aðgerðaáætlunar og vöktunaráætlunar,

e. sjá um að fram fari efnahagsleg greining vegna vatnsnotkunar,

f. annast kynningar- og umsagnarferli áætlana samkvæmt lögum þessum,

g. skila gögnum um framkvæmd laga þessara til Umhverfisstofnunar Evrópu s.s. afmörkun vatnshlota, ástand vatnshlota, umhverfismarkmið og flokkun aðgerða og

h. skýrslugjöf til Eftirlitsstofnunar EFTA sbr. 15. gr. tilskipunar 2000/60/EB, um vatnaáætlun og endurskoðun hennar, ásamt yfirliti greininga og vöktunaráætlanir skv. fyrstu vatnaáætlun þegar þær hafa komist til framkvæmda, og framvinduskýrslu um innan þriggja ára frá staðfestingu hverrar vatnaáætlunar.

Umhverfis- og orkustofnun skal vinna að vatnaáætlun og endurskoðun hennar með hliðsjón af áætlunum stjórnvalda og lögbundnum áætlunum svo sem á sviði náttúruverndar, auðlindanýtingar, raforkumála, samgangna og skipulagsmála.

[...]

III. KAFLI

Umhverfismarkmið, flokkun og ástandsflokkun vatnshlota og málsmeðferð.

12. gr.

Umhverfismarkmið vatnshlota.

Ástand ~~allra~~ vatnshlota ~~má ekki hnigna~~ **skal metið og skal því ekki hnigna, nema að uppfylltum skilyrðum hvorki varanlega né tímabundið, sbr. þó 18. og 19. gr.** Tryggt skal með viðeigandi mótþægisáðgerðum og með endurheimt vatnsgæða eða -magns að umhverfismarkmiði fyrir vatnshlot sé **verði** náð og ástandi þess viðhaldið.

Umhverfismarkmiðum yfirborðsvatnshlota, annarra en manngerðra eða mikið breyttra vatnshlota, **er að lágmarki gott vistfræðilegt ástand og gott efnafræðilegt ástand. Sé ástand vatnshlots metið gott eða mjög gott skal því ástandi viðhaldið. er náð ef vistfræðilegt ástand er að lágmarki gott**

og efnafræðilegt ástand er gott. Þar sem ástand vatnshlota er þegar metið gott eða mjög gott skal því ástandi viðhaldið. Umhverfismarkmið mikið breyttra og manngerðra vatnshlota er gott vistmegin og gott efnafræðilegt ástand.

Umhverfismarkmið grunnvatnshlota er góð magnstaða og gott efnafræðilegt ástand. Umhverfismarkmiðum grunnvatnshlota er náð eða magnstaða er góð og efnafræðilegt ástand er gott.

Umhverfismarkmið mikið breytts og manngerðs vatnshlota er gott vistmegin og gott efnafræðilegt ástand. Leitast skal við að ná sem bestu vistmegni í slíku vatnshlota og koma í veg fyrir hnignun á ástandi þess.

Umhverfismarkmiðum skal náð með tímasettum aðgerðum í aðgerðaráætlun vatnaáætlunar, sbr. 24. gr., sem öðlast gildi með staðfestingu ráðherra.

Setja skal fram nauðsynlegar aðgerðir til að draga úr neikvæðum áhrifum á vatn vegna athafna manna. Skal sá er veldur því að umhverfismarkmið næst ekki og/eða veldur hnignun á ástandi vatnshlota bera ábyrgð og kostnað sem hlýst af því [hér er væntanlega tilvísun til umhverfisábyrgðarlaga og PPP eins og reifað er í athugasemd með tillögunni, en útfærslu vantar til að ákvæðið geti komið til framkvæmda].

Í vatnaáætlun skal gera grein fyrir umhverfismarkmiðum vatnshlota. Umhverfis- og orkustofnun metur hvort umhverfismarkmiði hafi verið sé náð í samræmi við reglugerð um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Ef Bendi niðurstöður vöktunar benda til þess að ástandi vatns hnigni eða að umhverfismarkmið vatnshlota náist ekki skal Umhverfis- og orkustofnun leitað á því skýringa og krefjast bæta umsvifalaust úr því með aðgerðum úrbóta. Skulu þá leyfi, aðrar stjórnvaldsákræðningar og vöktunaráætlanir uppfærðar, og þeim breytt og leyfi felld úr gildi eftir því sem við á. Umhverfis- og orkustofnun Gripis skal mæla fyrir um til mótvægisáðgerðair eða annarra aðrar viðbótaraðgerðair sem kunna að vera nauðsynlegar til þess að umhverfismarkmiðin náist, þ.m.t. strangari umhverfisgæðakröfur, sbr. þó 17. gr.

Umhverfismarkmið skulu uppfyllt innan gildistíma vatnaáætlunar skv. IV. kafla, sbr. þó 16. gr., og eru bindandi við áætlanagerð stjórnvalda og við afgreiðslu leyfisbeiðna.

Framkvæmd 13. til 19. gr. skal ekki leiða til þess að öðrum vatnshlotum en þar um ræðir hnigni og beiting ákvæðanna skal ekki fela ekki í sér lakari vernd en önnur löggjöf um umhverfisvernd.

13. gr.

Flokkun og ástand vatnshlota.

Í landfræðilegu upplýsingakerfi vatnavefsja sem rekið er af stjórnvöldum skal gerð grein fyrir afmörkun, ástandi, umhverfismarkmiði, ástandi og álagi á vatnshlot. Skal hvert vatnshlot skal fá einkennismúmer í landfræðilegu upplýsingakerfi.

Flokka skal yfirborðsvatnshlot í gerðir í samræmi við reglugerð um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Mat á ástandi vatnshlota skal byggjast á fyrirliggjandi gögnum og/eða gögnum sem aflað er með vöktun og rannsóknnum. Staðfesta skal ástandsmat með gögnum.

Vistfræðilegt ástand yfirborðsvatnshlota skal metið út frá skilgreindum líffræðilegum, vatnsformfræðilegum og efna- og eðlisefnafræðilegum gæðapáttum, eftir því sem við á og í samræmi við reglugerð um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Umhverfis- og orkustofnun setur í samráði við hlutaðeigandi rannsóknarstofnanir vistfræðileg viðmið fyrir ástandsflökka yfirborðsvatnshlota í samræmi við reglugerð um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Efnafræðilegt ástand yfirborðsvatnshlota skal ákvarðað út frá umhverfisgæðakröfum fyrir forgangsefni í samræmi við reglugerð um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Ástand grunnvatnshlota skal ákvarðað eftir magnstöðu þess og efnafræðilegum þáttum í samræmi við reglugerð um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

[Hér þarf ákvæði til að innleiða 2. mgr. 4. gr. vatnatilskipunar]

14 gr.

Manngerð og mikið breytt vatnshlot.

Umhverfis- og orkustofnun metur hvort vatnshlot telst manngert eða mikið breytt og skal tilgreina það og færa fyrir því rök í tillögu að vatnaáætlun og endurskoða á sex ára fresti.

Upplýsingarnar skulu koma fram í vatnavefsíð landfræðilegu upplýsingakerfi.

Heimilt er að tilgreina skilgreina yfirborðsvatnshlot sem manngert eða mikið breytt ef nauðsynlegar breytingar á vatnsformfræðilegum eiginleikum til þess að ná vatnshlotinu í gott vistfræðilegt ástand hafa umtalsverð skaðleg áhrif á umhverfið eða á eftirfarandi umsvif:

Heimilt er að tilgreina yfirborðsvatnshlot sem manngert eða mikið breytt hefðu þær breytingar á vatnsformfræðilegum eiginleikum, sem nauðsynlegar eru til þess að vistfræðilegt ástand vatnshlots yrði gott, umtalsverð neikvæð áhrif á umhverfið í heild eða á eftirfarandi umsvif:

- a. siglingar, hafnir eða afþreyingaraðstöðu,
- b. starfsemi sem hefur í för með sér krefst geymslu, flutnings og hjáveitu vatns, t.d. neysluvatnsmiðlun, orkuvinnsla eða áveita,
- c. flóðavarnir, framræslu, eða
- d. önnur sjálfbær umsvif jafnmikilvæg og hin framangreindu.

Heimild 2. mgr. verður einungis beitt í tilvikum þar sem annarra og umhverfissvænni leiða verður ekki með sanngirni krafist af tæknilegum ástæðum eða vegna óhóflegs kostnaðar.

Ákvæði 2. mgr. á við þegar ekki verður bætt úr þeim áhrifum sem þar eru talin upp vegna þess að það er ekki tæknilega framkvæmanlegt eða vegna þess að kostnaður við að gera það með öðrum og umhverfissvænni aðferðum er talinn úr hófi fram. Taka skal fram í vatnaáætlun ef álitíð er að skilyrði 2. mgr. séu fyrir hendi og færa fram röksemdir fyrir því. Endurskoða skal tilgreiningu skv. 1. mgr. í vatnaáætlun á sex ára fresti.

[...]

16. gr.

Lengri frestir.

Framlenging tímamarka.

Þegar um er að ræða áfangaskipt umhverfismarkmið fyrir tiltekið vatnshlot er heimilt í vatnaáætlun skv. IV. kafla að veita aukinn frest á því að umhverfismarkmiði þess sé náð, sbr. 12. gr., enda hnigni ástandi raskaða vatnshlotsins ekki frekar, skilyrði 2. mgr. séu uppfyllt og einhver eftirtalinna atvika á við:

Til þess að ná umhverfismarkmiði fyrir vatnshlot, sbr. 12. gr., er Umhverfis- og orkustofnun heimilt í vatnaáætlun að framlengja tímamörk að því tilskildi að ástand raskaða vatnshlotsins hnigni ekki frekar og að a.m.k. eitt af eftirtöldum skilyrðum eigi við:

- a. ekki er af tæknilegum ástæðum hægt að bæta úr í áföngum innan gildistíma vatnaáætlunar, innan tímamarkanna,
- b. kostnaður við úrbætur á gildistíma vatnaáætlunar innan tímamarkanna yrði óhóflegur, eða
- c. náttúrulegar aðstæður hindra fyrir hendi eru þau náttúrulegu skilyrði að úrbætur á vatnshlotinu á gildistíma vatnaáætlunar innan tímamarkanna eru ekki framkvæmanlegar.

Frestur til að uppfylla umhverfismarkmið í áföngum fyrir viðkomandi vatnshlot skal takmarkast að hámarki við gildistíma tveggja vatnaáætlana. Framlenging á tímamörkum fyrir viðkomandi vatnshlot skulu takmarkast að hámarki við tvær uppfærslur á vatnaáætlun, nema þegar náttúrulegar aðstæður eru þannig að umhverfismarkmiðum verður ekki náð innan þess tímabils.

Gera skal grein fyrir áfangaskiptingu umhverfismarkmiða vatnshlota og rökstyðja framlengingu fresta til að ná umhverfismarkmiðum í vatnaáætlun og í aðgerðaráætlun hennar skv. 22. og 24. gr. og í vatnavefsíð. Þar skal gerð grein fyrir því hvaða aðgerðir eru nauðsynlegar til þess að færa vatnshlotin smám saman í það ástand sem krafist er skv. 12. gr., tímaáætlun og ástæðum tafa. Við hverja útgáfu vatnaáætlunar skv. IV. kafla skal endurskoða aðgerðirnar og gera grein fyrir öllum aðgerðum sem miða að því að umhverfismarkmið náist í áföngum.

Gera skal grein fyrir framlengingu tímamarka til að ná umhverfismarkmiðum í vatnaáætlun og landfræðilegu upplýsingakerfi.

17. gr.

Vægari umhverfismarkmið.

Umhverfis- og orkustofnun er heimilt **Heimilt er** í vatnaáætlun að setja vægara umhverfismarkmið **sem ganga skemur** en skv. 12 gr. **sé** ef vatnshlot **er** undir slíku álagi að ógerlegt eða óhóflega dýrt er að uppfylla kröfur um umhverfismarkmið. Skulu eftirfarandi skilyrði þá vera fyrir hendi:

- a. ekki sé hægt að ná betri umhverfislegum ávinningi án óhóflegs kostnaðar, að teknu tilliti til umhverfislegra, samfélagslegra og efnahagslegra þarfa,
- b. tryggt sé að besta mögulega vistfræðilega og efnifræðilega ástand yfirborðsvatnshlots náist og að minnsta hugsanlega frávik verði á góðu ástandi grunnvatnshlots, að teknu tilliti til áhrifa sem ekki verður með góðu móti komist hjá sökum eðlis starfsemi eða mengunar, og tryggt sé besta mögulegt vistfræðilegt ástand yfirborðsvatnshlots og grunnvatnshlots og að það breytist eins lítið og hægt er frá því að vera gott, þegar tekið er tillit til þess álags sem fyrir hendi er,
- c. tryggt sé að ástandi vatnshlotsins hnigni ekki frekar.

Gera skal grein fyrir og rökstyðja umhverfismarkmiði sem gengur skemur en skv. 12. gr. í vatnaáætlun og vatnavefsíja. Endurskoða skal slík vægari umhverfismarkmið sjötta hvert ár samhliða gerð vatnaáætlunar skv. IV. kafla.

Gera skal grein fyrir vægara umhverfismarkmiði í vatnaáætlun og landfræðilegu upplýsingakerfi. Endurskoða skal vægari umhverfismarkmið sjötta hvert ár samhliða endurskoðun vatnaáætlunar.

[...]

19. gr.

Nýjar framkvæmdir og starfsemi.

Heimild til að víkja frá umhverfismarkmiði.

Heimilt er að víkja frá umhverfismarkmiði skv. 12. gr. þegar um er að ræða nýjar framkvæmdir eða starfsemi:

~~Það fer ekki gegn umhverfismarkmiðum, sbr. 12. gr. ef:~~

- a. ~~takist ekki~~ ekki tekst að ná góðu ástandi grunnvatns, góðu vistfræðilegu ástandi yfirborðsvatnshlots eða þar sem við á, góðu vistmegni yfirborðsvatnshlots, eða **ef ekki tekst** að koma í veg fyrir hnignun á ástandi yfirborðsvatnshlots eða grunnvatnshlots, og ~~þetta~~ **sem** er afleiðing nýrra breytinga á ~~eðlisrænum vatnsformfræðilegum~~ **eðlisrænum** eiginleikum yfirborðsvatnshlots eða breytinga á hæð grunnvatnshlots, eða
- b. ~~takist ekki~~ **ef ekki tekst** að koma í veg fyrir að vistfræðilegt ástandi yfirborðsvatnshlots hnigni og breytist úr mjög góðu í gott ástand, og ~~það~~ **sem** er afleiðing nýrra sjálfbærra athafna manna.

Auk skilyrða sem fram koma í 1. mgr. verða öll eftirtalin skilyrði að vera fyrir hendi:

- a. að gripið sé til allra aðgerða sem raunhæfar teljast til að draga úr skaðlegum áhrifum á ástand vatnshlots,
- b. að ástæður breytinganna varði brýna almannahagsmuni og/eða ávinningur fyrir heilsu og öryggi manna eða fyrir sjálfbæra þróun vegur þyngra en ávinningur fyrir umhverfið og samfélagið að umhverfismarkmið náist, og
- c. að tilgangi framkvæmda eða athafna sem leiða til breytinga á vatnshloti verði ekki, vegna tæknilegra erfiðleika eða óhóflegs kostnaðar, náð með öðrum eða umtalsvert umhverfisvænni valkosti.

Uppfylli framkvæmd eða starfsemi, að mati Umhverfis- og orkustofnunar, skilyrði 1. mgr. Skal stofnunin gera ~~fara fram~~ mat á grundvelli 2. mgr. **Matið skal gert á grundvelli gagna sem umsækjandi um leyfi leggur fram til leyfisveitanda og gagna sem stofnunin aflar sjálf.** Heimilt er að samþætta matið við umhverfismat þegar málsmeðferð skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana fer fram og skal þá Sipulagsstofnun óska eftir mati Umhverfis- og orkustofnunar. ~~Mat stofnunarinnar fer fram á grundvelli gagna sem umsækjandi um leyfi leggur fram.~~

Umhverfis- og orkustofnun skal leita umsagnar fagstofnana og veita rökstutt álit á því hvort skilyrði 1. og 2. mgr. séu uppfyllt eða ekki. Slíkt álit verður ekki bundið skilyrðum. Leiði framkvæmd til þess að náttúruleg vatnshlot breytist í mikið breytt eða manngerð vatnshlot sbr. 14. gr. skulu samtímis skilgreind ný umhverfismarkmið skv. 12. gr. fyrir þau.

Umhverfis- og orkustofnun veitir rökstutt álit um það hvort skilyrði 1. og 2. mgr. 19. gr. séu uppfyllt og hvort heimilt sé að víkja frá umhverfismarkmiðum. Skal stofnunin við matið byggja á viðmiðum sem sett eru í reglugerð sem ráðherra setur og leiðbeiningum Umhverfis- og orkustofnunar.

Umhverfis- og orkustofnun er heimilt að taka gjald fyrir vinnu við álitid, vegna aðkeyptrar þjónustu, auk vinnu umsagnaraðila, í samræmi við gjaldskrá þar að lútandi sem ráðherra staðfestir og sem birt er í B-deild Stjórnartíðinda.

20. gr.

Málsmeðferð vegna umsóknar um leyfi sem varðar 19. gr.

Leyfisveitandi skal við afgreiðslu leyfisbeiðni ganga úr skugga um að umhverfismarkmið laga þessara séu uppfyllt og óska eftir bindandi álti Umhverfis- og orkustofnunar um hvort uppfyllt séu skilyrði skv. 1. og 2. mgr. 19. gr. þar sem við á. Skal Umhverfis- og orkustofnunar veita leyfisveitanda bindandi álit skv. 4. mgr. 19. gr. hafi slíkt álit ekki verið gefið í tengslum við málsmeðferð skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana sbr. einnig 21. gr.

Með umsókn um leyfi fyrir framkvæmd eða starfsemi sem kann að hafa áhrif á vatnshlot í skilningi 1. mgr. 19. gr. skal fylgja mat á áhrifum framkvæmdar eða starfsemi á vatnshlot og álit Umhverfis- og orkustofnunar skv. 4. mgr. 19. gr.

Leyfisveitandi **er** skal í ákvörðun um útgáfu **eða höfnun** leyfis fyrir framkvæmd eða starfsemi **bundinn af** gera grein fyrir álti Umhverfis- og orkustofnunar skv. 3. mgr. 19. gr., ~~og skal hann leggja það til grundvallar við ákvörðun um útgáfu leyfis.~~ Leyfisveitandi skal tryggja að skilyrði í álti Umhverfis- og orkustofnunar séu uppfyllt. Um málsmeðferð **vegna leyfisbeiðni** útgáfu leyfis fer að öðru leyti samkvæmt 21. gr.

Gera skal grein fyrir leyfisveitingum **og höfnun um leyfi** þar sem tekin hefur verið afstaða **skv. 19. og 20. gr. í vatnaáætlun og birta í vatnavefsíja.** ~~til 19. gr. í uppfærðri vatnaáætlun.~~

21. gr.

Ákvörðun um veitingu, endurnýjun, framlengingu eða höfnun leyfis, mat á áhrifum á vatnshlot og vöktun.

Veiting leyfis, mat á áhrifum á vatnshlot, vöktun og fl.

Leyfi, ákvarðanir, áætlanir og stefnur stjórnvalda, sem falla undir lög þessi, ~~en varða ekki 19. gr.~~, skulu **á hverjum tíma** uppfylla kröfur um umhverfismarkmið vatnshlota, sbr. lög þessi og vatnaáætlun.

Framkvæmdaraðili og/eða rekstraraðili skal vinna mat á áhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar og starfsemi á **þau** vatnshlot **sem kunna að verða fyrir áhrifum.** Í þeim tilvikum sem ástand vatnshlota hefur ekki verið staðfest, skal slíkt mat gert í tengslum við áhrifamatið. Falli framkvæmd eða starfsemi undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana fer um málsmeðferð vegna mats á áhrifum á vatnshlot samkvæmt þeim lögum. Sá sem ber ábyrgð á áætlunum og stefnum sem undirbúnar eða afgreiddar eru af stjórnvöldum og sem falla undir lög þessi skal meta áhrif þeirra á vatnshlot. Falli áætlun eða stefna undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana gilda ákvæði þeirra laga um málsmeðferð vegna mats á áhrifum á vatnshlot.

Í álti Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar skal gera grein fyrir áhrifum framkvæmda á vatnshlot, þegar við á, sbr. lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Í ákvörðun um útgáfu **eða höfnun** leyfis skal viðkomandi leyfisveitandi taka afstöðu til áhrifa framkvæmdar og starfsemi á vatnshlot. Leyfisveitandi setur **í leyfi** fram skilyrði um mótvægisáðgerðir, þegar **við þörf** er á.

Leyfishafar vegna framkvæmda og starfsemi sem valda álagi á vatn skulu vakta þau áhrif samkvæmt lögum þessum.

Leyfisveitandi skal setja fram kröfur um vöktun vatns í leyfi samkvæmt lögum þessum fyrir framkvæmdir og starfsemi sem getur haft í för með sér álag á vatn. Skal niðurstöðum vöktunar skilað til leyfisveitanda. Jafnframt skal vöktunargögnum skilað til Umhverfis- og orkustofnunar til mats á ástandi og hvort umhverfismarkmiði sé náð.

Um kæru vegna ákvörðunar um útgáfu leyfis gilda ákvæði þeirra laga sem taka til viðkomandi ákvarðana.

IV. KAFLI

Áætlanir.

22. gr.

Vatnaáætlun.

Umhverfis- og orkustofnun annast gerð tillögu að vatnaáætlun í samræmi við viðauka II. **Vatnavefsja** Landfræðilegt upplýsingakerfi, skal vera hluti af vatnaáætlun og skal vísa til **hennar** þess í áætluninni. Í vatnaáætlun **og vatnavefsja** skal m.a. koma fram:

- almenn lýsing á eiginleikum vatnaumdæmisins,
- flokkun vatnshlota **og ástandsmat**,
- lýsing álags og áhrifa af völdum atvinnurekstrar og annarra umsvifa á vatn,
- skrá yfir vernduð svæði og öll vatnshlot fyrir neysluvatnstöku,
- greinargerð um vöktun og niðurstöður hennar,
- yfirlit yfir umhverfismarkmið sem komið er á skv. III. kafla,
- skipting í vatnasvæði,
- greinargerð um aðgerðaáætlun,
- yfirlit um nánari aðgerðir fyrir einstök vatnasvæði og vatnshlotsgerðir, og
- greinargerð um samráð við almenning, fulltrúa atvinnulífsins og aðra hagsmunaaðila, þar á meðal félagasamtök á sviði náttúruverndar, umhverfismála og útivistar.

Áætlunina skal endurskoða og uppfæra sjötta hvert ár að lágmarki. Áætlunina skal uppfæra sjötta hvert ár.

Við gerð vatnaáætlunar skal gera grein fyrir umhverfismati áætlunarinnar í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Umhverfis- og orkustofnun skal hafa samráð við verkefnisstjórn við gerð verndar- og nýtingaráætlunar samkvæmt lögum um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða, til að tryggja samræmi vatnaáætlunar annars vegar og verndar- og nýtingaráætlunar vegna fallvatna og háhita hins vegar.

Umhverfis- og orkustofnun skal gera tillögu til ráðherra um staðfestingu vatnaáætlunar og aðgerða- og vöktunaráætlunar hennar. Umhverfis- og orkustofnun skal auglýsa staðfesta vatnaáætlun og reglubundna endurskoðun hennar í B-deild Stjórnartíðinda og tekur hún þá gildi og er bindandi fyrir aðra áætlanagerð stjórnvalda og starfsemi.

~~Umhverfis- og orkustofnun skal gera tillögu til ráðherra um staðfestingu vatnaáætlunar. Umhverfis- og orkustofnun skal auglýsa staðfesta vatnaáætlun í B-deild Stjórnartíðinda.~~

23. gr.

Endurskoðun vatnaáætlunar.

Í **tillögu að reglubundinni** endurskoðaðri vatnaáætlun skal Umhverfis- og orkustofnun, auk þess sem fram kemur í 22. gr., gera grein fyrir eftirfarandi:

- tilnefningu stofnunarinnar um að vatnshlot teljist vera manngert eða mikið breytt, sbr. 14. gr.,
- breytingum sem lagðar eru til frá síðustu útgáfu vatnaáætlunar, sbr. 16. og 17. gr. og auk yfirlits á heimild sem Umhverfis- og orkustofnun hefur veitt skv. 19. gr., og um hnignun á ástandi vatnshlots, sbr. 18. gr., breytinga sem lagðar eru til samantekt á breytingum frá síðustu útgáfu vatnaáætlunar auk samantektar á heimild Umhverfis- og orkustofnunar, sbr. 16., 17., og 19. gr., og um hnignun vatnshlots, sbr. 18. gr.,**
- mat á árangri sem náðst hefur til að uppfylla kröfur um umhverfismarkmið sbr. 12 gr., þar með talið niðurstöður vöktunar og skýringar á því þegar umhverfismarkmiðum hefur ekki verið náð,
- samantekt á aðgerðum sem ekki var hægt að framkvæma á tímabili vatnaáætlunar og ástæðum þess og samantekt á endurmati aðgerða sem sett voru í fyrri vatnaáætlun,
- samantekt yfir viðbótaraðgerðir sem grípa hefur þurft til í þeim tilfellum þar sem grunur er um að umhverfismarkmið náist ekki á tímabilinu

Umhverfis- og orkustofnun er heimilt að gera nauðsynlegar leiðréttingar eða uppfærslur á vatnaáætlun, **þ.m.t. í vatnavefsja**, vegna nýrra upplýsinga áður en til **reglubundinnar** endurskoðunar áætlunarinnar kemur. Þegar **slík** uppfærsla á vatnaáætlun **án formlegrar endurskoðunar** leiðir til breytinga skal **tillaga um það kynnt almenningi og auglýsta þær bæði** á vefsetri stofnunarinnar að

lágmarki í fjórar vikur og með áberandi hætti sem líklegt er að nái til almennings og gefa honum kost á að koma að athugasemdum.

24. gr.

Aðgerðaáætlun vatnaáætlunar.

[hér er mikill frumvarpstexti (ekki er ástæða til að afrita hann hér) án þess að ljóst sé, að með þessu sé brugðist við afdráttarlausri bráðabirgðaniðurstöðu ESA 6. júní 2025, þar sem í textanum er ekki að finna neitt um reglubundna og sérstaka endurskoðun leyfa, sbr. kröfur 5. mgr. 11. gr. vatnatilskipunar, og ekki er útskýrt í stuttum athugasemdum með ákvæðinu hvernig það er tryggt, svo hér þarf því að gera betur til að bregðast við þeirri niðurstöðu, auk þess sem skuldbindandi frestirnir í 7. og 8. mgr. 11. gr. koma ekki fram (allar aðgerðir aðgerðaráætlunar áttu að hafa komið til framkvæmda eigi síðar en 1. maí 2021 (að tólf árum liðnum eftir 1. maí 2009) og skyldi áætlunin endurskoðuð eigi síðar en 1. maí 2024)) og að lágmarki þarf að kveða á um að aðgerðir áætlunar komist til framkvæmda eigi síðar en þremur árum eftir staðfestingu hennar og fjalla í athugasemdum um þessa fresti, sem sameiginlega EES-nefndin tók ákvörðun um 2007]

[...]

V. KAFLI

Kynning, aðgangur að gögnum, samráð vegna áætlana og tengsl við aðrar áætlanir.

Kynning áætlana o.fl.

28 gr.

Kynning og aðgangur að upplýsingum

~~*Aðgangur að upplýsingum.*~~

Umhverfis- og orkustofnun skal bjóða frjálsum félagasamtökum á sviði náttúruverndar til kynningar á hlutverki vatnaáætlunar tveimur til þremur árum áður en að nýrri vatnaáætlun er ætlað að taka gildi.

Um aðgang að upplýsingum og gögnum sem liggja til grundvallar áætlunum samkvæmt lögum þessum fer samkvæmt upplýsingalögum.

29. gr.

Samráð við almenning

~~*Opinber kynning.*~~

Umhverfis- og orkustofnun skal í samráði við vatnasvæðanefndir kynna opinberlega með auglýstum fundum í öllum landsfjórðungum og óska eftir athugasemdum við eftirfarandi skjöl, auk sérstaks samráðs við frjáls félagasamtök á sviði náttúruverndar:

~~Umhverfis- og orkustofnun skal sjá um að eftirfarandi skjöl séu kynnt opinberlega og óska eftir athugasemdum við þau:~~

a. áfanga- og verkáætlun vegna vinnu við vatnaáætlun og reglubundna endurskoðun hennar, í síðasta lagi þremur árum áður en nýrri vatnaáætlun er ætlað að ganga í gildi, ~~ný vatnaáætlun gengur í gildi,~~

b. bráðabirgðayfirlit um mikilvæg atriði í vatnaáætlun, í síðasta lagi tveimur árum áður en henni er ætlað að ganga í gildi, ~~hún gengur í gildi,~~

c. tillaga að vatnaáætlun, í síðasta lagi einu ári áður en henni er ætlað að taka gildi. ~~hún tekur gildi.~~

~~Þegar endurskoðun vatnaáætlunar leiðir til breytinga skal um kynningu áætlunarinnar fara skv. e-lið 1. mgr.~~

Frestur til að gera athugasemdir skal vera sex mánuðir hið minnsta. Kynna skal skjölin fyrir almenningi með tryggilegum hætti og vísa á vef Umhverfis- og orkustofnunar þar sem allar upplýsingar skulu vera á aðgengilegum stað.

~~Frestur til að gera athugasemdir skal að lágmarki vera sex mánuðir. Kynna skal skjölin með tryggilegum hætti og vísa á vef Umhverfis- og orkustofnunar til allra upplýsinga á aðgengilegum stað.~~

30. gr.

Tengsl vatnaáætlunar við áætlanir stjórnvalda.

Opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkuvinnslu, raforkuflutnings orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við lög þessi og staðfesta vatnaáætlun. Ekki verður í slíkri áætlun gert ráð fyrir framkvæmd, sem líkleg er til að hafa áhrif til hnignunar á ástandi vatnshlota í skilningi laga þessara, nema vikið sé að því og mögulegri undanþágu skv. 19. gr.

Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlana sveitarfélags skal samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan fjögurra ára frá staðfestingu vatnaáætlunar þegar við á.

[...]

VI. KAFLI

Almenn ákvæði.

31. gr.

Þvingunarúrræði og viðurlög.

Til að knýja á um vöktun vatns og um skil á vöktunargögnum sbr. 5. mgr. og 6. mgr. 21. gr. er Umhverfis- og orkustofnun eða leyfisveitanda heimilt að veita viðkomandi aðila áminningu og veita hæfilegan frest til úrbóta.

Til að knýja á um framkvæmd aðgerða samkvæmt 1. ml. 6. mgr. 21. gr. og 2. mgr. 30. gr. er Umhverfis- og orkustofnun heimilt að veita viðkomandi sveitarfélagi eða leyfisveitanda áminningu og veita hæfilegan frest til úrbóta.

Ef ekki er orðið við tilmælum um úrbætur innan tiltekins frests samkvæmt 1. eða 2. mgr. er Umhverfis- og orkustofnun eða leyfisveitanda, heimilt að ákveða dagsektir þar til úr er bætt. Dagsektir renna til ríkissjóðs og skal hámark þeirra vera 500.000 kr.

Umhverfis- og orkustofnun og leyfisveitendum, sbr. 1. mgr. er heimilt að taka gjald fyrir beitingu þvingunarúrræða samkvæmt þessari grein í samræmi við gjaldskrá þar að lútandi sem ráðherra staðfestir og sem birt er í B-deild Stjórnartíðinda.

Umhverfis- og orkustofnun leggur stjórnvaldssektir á fyrirtæki og leyfisveitendur sem brjóta gegn:

- a. banni við hnignun á ástandi vatns skv. 12. gr.,
- b. fyrirmælum á grundvelli 2. mgr.,
- c. undanþágu á grundvelli 19. gr.

Sektir skv. 4. mgr. geta numið allt að 10% af heildarveltu síðasta rekstrarárs hjá hverju því fyrirtæki eða leyfisveitanda sem aðild á að broti. Við ákvörðun á fjárhæð sekta skal hafa hliðsjón af eðli og umfangi brota, hvað brot hafa staðið lengi og hvort um ítrekað brot er að ræða. Sektirnar renna til ríkissjóðs að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun Umhverfis- og orkustofnunar skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Falla má frá sektarákvörðun skv. 4. mgr. teljist brot óverulegt eða af öðrum ástæðum sé ekki talin þörf á slíkum sektum til að stuðla að umhverfismarkmiðum laga þessara.

[...]

34. gr.

Gildistaka og lagaskil.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku laga þessara falla brott lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011, með síðari breytingum.

Leyfi sem í gildi eru og lögin taka til skulu endurskoðuð innan sex ára.

35. gr.

Breyting á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. Lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana:

- a. ~~Við 2. málsl. 2. mgr. 19. gr. laganna bætist: m.a. um hvort hugsanlegt sé að framkvæmd eða starfsemi valdi tímabundinni eða varanlegri hnignun ástands einhverra vatnshlota í skilningi laga um stjórn vatnamála. Við 2. málsl. 2. mgr. 19. gr. laganna bætist: m.a. um hvort framkvæmd er líkleg til að hafa áhrif á vatnshlot samkvæmt lögum um stjórn vatnamála.~~
- b. Á eftir d-lið í 1. mgr. 22. gr. laganna kemur nýr stafliður, svohljóðandi, og breytist röð annarra stafliða samkvæmt því:
e. áhrif framkvæmdar á vatnshlot samkvæmt lögum um stjórn vatnamála.

2. Breyting á skipulagslögum nr. 123/2010:

- a. Á eftir 8. mgr. 12. gr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Í skipulagsáætlun verður ekki gert ráð fyrir framkvæmd sem kann að leiða þess að vistfræðilegu ástandi náttúrurlegra vatnshlota hnigni í skilningi laga um stjórn vatnamála nema fjallað sé um það og hvort unnt sé að uppfylla skilyrði sbr. 19. gr. þeirra laga eftir atvikum.
- b. Á eftir 14. gr. kemur nýtt ákvæði, 14. gr. a, svohljóðandi:
Leyfi skv. 13. og 14. gr. verður ekki veitt kunni framkvæmd að valda hnignun á ástandi vatnshlota nema fyrir liggi mat á áhrifum þess sem byggir á staðfestu ástandsmati skv. lögum um stjórn vatnamála og eftir atvikum undanþága Umhverfis- og orkustofnunar skv. 19. gr. þeirra laga.

3. Breyting á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998:
[...]

4. Breyting á raforkulögum, nr. 65/2003:

- a. Á eftir 1. málslíð 1. mgr. 4. gr. bætist nýr málslíður:
~~Leyfi skal veitt til tiltekins tíma. Heimilt er að gefa út leyfi til tiltekins tíma.~~
- b. 3. mgr. 6. gr. fellur brott
- c. Á eftir 6. gr. laganna kemur ný grein, 6. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Endurskoðun virkjunarleyfis

Umhverfis- og orkustofnun skal endurskoða leyfi reglulega, a.m.k. á 16 ára fresti **og í tengslum við endurskoðun vatnaáætlunar laga um stjórn vatnamála og aðgerðaráætlunar hennar, að jafnaði á sex ára fresti. Skal breyta leyfi eða fella niður þar sem við á.**

Bendi Ef niðurstöður vöktunar **eða aðrar upplýsingar** benda til þess að ástandi vatns **kunni að** hnigna eða að umhverfismarkmið um vatnshlot skv. lögum um stjórn vatnamála náist ekki skal leitað á því skýringar og bæta umsvifalaust úr því með aðgerðum. ~~Þá~~ **Skal** virkjunarleyfi **þá** endurskoðað og því breytt **eða fellt niður** eftir því sem við á. Gripið skal til mótvægisáðgerða eða annarra viðbótarráðstafana sem kunna að vera nauðsynlegar til þess að umhverfismarkmiðin náist, þ.m.t. strangari umhverfisgæðakrafna, eftir því sem við á.

- d. Við 2. tl. 2. mgr. 9. gr. a bætist nýr málslíður.

Í framkvæmdaáætlun verður ekki gert ráð fyrir framkvæmd sem líklegt er að leiði til þess að vistfræðilegu ástandi náttúrulegra vatnshlota hnigni í skilningi laga um stjórn vatnamála nema fyrir liggi undanþága sbr. 19. gr. þeirra laga.

- e. 1. ml. 1. mgr. 33. gr. orðast svo:

Fyrir útgáfu, endurskoðun, **niðurfellingu** og breytingar á leyfum sem Umhverfis- og orkustofnun veitir á grundvelli 4. gr. og fyrir eftirlit sem stofnuninni er falið skv. 4., 5., **6. og 6. gr. a** er heimilt að innheimta gjald.

5. *Breyting á lögum um umhverfisábyrgð, nr. 55/2012:*

[...]

6. *Breyting á lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins, nr. 73/1990:*

[...]

7. *Breyting á lögum um vernd og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011:*

Á eftir 1. ml. 1. mgr. 4. gr. bætist við nýr málsljóðandi:

Í orkunýtingarflokk verður þó ekki skipað virkjunarkostum sem líklegt er að leiði til þess að vistfræðilegu ástandi náttúrulegra vatnshlota hnigni í skilningi laga um stjórn vatnamála nema fyrir liggi undanþága sbr. 19. gr. þeirra laga.

8. *Breyting á lögum um mannvirki nr. 160/2010:*

Á eftir [...] kemur nýtt ákvæði, [...], svohljóðandi:

Leyfi skv. [...] verður ekki veitt kunni framkvæmd að valda hnignun á ástandi vatnshlota nema fyrir liggi mat á áhrifum þess sem byggir á staðfestu ástandsmati skv. lögum um stjórn vatnamála og eftir atvikum undanþága Umhverfis- og orkustofnunar skv. 19. gr. þeirra laga sbr. einnig 2. mgr. 10. gr. laga þessarar.

9. *Breyting á lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006:*

Á eftir 35. gr. kemur nýtt ákvæði, 35. gr. a, svohljóðandi:

Leyfi skv. 33., 34. og 35. gr. verður ekki veitt kunni framkvæmd að valda hnignun á ástandi vatnshlota nema fyrir liggi mat á áhrifum þess sem byggir á staðfestu ástandsmati skv. lögum um stjórn vatnamála nema fyrir liggi undanþága Umhverfis- og orkustofnunar skv. 19. gr. þeirra laga.

10. *Breyting á lögum um um fiskeldi nr. 71/2008:*

Á eftir 3. mgr. 7. gr. koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Leyfi verður ekki veitt eða svæði endurhlutað kunni starfsemi að valda hnignun á ástandi vatnshlota nema fyrir liggi mat á áhrifum þess sem byggir á staðfestu ástandsmati skv. lögum um stjórn vatnamála og eftir atvikum undanþága Umhverfis- og orkustofnunar sbr. b-liður 1. mgr. og 2. mgr. 19. gr. þeirra laga.

Matvælastofnun skal endurskoða leyfi reglulega og í tengslum við endurskoðun vatnaáætlunar laga um stjórn vatnamála og aðgerðaráætlunar hennar, að jafnaði á sex ára fresti. Skal breyta leyfi eða fella niður þar sem við á.

Bendi niðurstöður vöktunar eða aðrar upplýsingar til þess að ástandi vatns kunni að hnigna eða að umhverfismarkmið um vatnshlot skv. lögum um stjórn vatnamála náist ekki skal leitað á því skýringar og bæta umsvifalaust úr því með aðgerðum. Skal rekstrarleyfi þá endurskoðað og því

breytt eða fellt niður eftir því sem við á. Gripið skal til mótvægisáðgerða eða annarra viðbótarráðstafana sem kunna að vera nauðsynlegar til þess að umhverfismarkmiðin náist, þ.m.t. strangari umhverfisgæðakrafna, eftir því sem við á.

11. Breytingar á vatnalögum, nr. 15/1923:

- a. Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr.:
21. tl. orðast svo: Straumvatn: Yfirborðsvatn sem rennur að mestu á yfirborði jarðar en getur runnið neðanjarðar í hluta farvegarins.
22. tl. orðast svo: Stöðuvatn: Kyrrstætt yfirborðsvatn á landi.
- b. Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:
Við 1. ml. 1. mgr. bætist við:
að fengnu leyfi Umhverfis- og orkustofnunar.
- c. Eftirfarandi breytingar verða á 50. gr.:
Við 1. ml. 1. mgr. bætist við:
að fengnu leyfi Umhverfis- og orkustofnunar.
- d. Á eftir 2. mgr. 7. gr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Leyfi skv. þessari grein og 68. og 75. gr. laga þessarra verður ekki veitt kunni framkvæmd að valda hnignun á ástandi vatnshlota nema fyrir liggi mat á áhrifum þess sem byggir á staðfestu ástandsmati skv. lögum um stjórn vatnamála og eftir atvikum að veitt sé undanþága skv. 19. gr. þeirra laga.
- e. Á eftir [...] kemur nýtt ákvæði, [...], svohljóðandi:
Umhverfis- og orkustofnun skal endurskoða leyfi skv. þessum lögum reglulega og í tengslum við endurskoðun vatnaáætlunar laga um stjórn vatnamála og aðgerðaráætlunar hennar, að jafnaði á sex ára fresti. Skal breyta leyfi eða fella niður þar sem við á.

Bendi niðurstöður vöktunar eða aðrar upplýsingar til þess að ástandi vatns kunni að hnigna eða að umhverfismarkmið um vatnshlot skv. lögum um stjórn vatnamála náist ekki skal leitað á því skýringar og bæta umsvifalaust úr því með aðgerðum. Skal virkjunarleyfi þá endurskoðað og því breytt eða fellt niður eftir því sem við á. Gripið skal til mótvægisáðgerða eða annarra viðbótarráðstafana sem kunna að vera nauðsynlegar til þess að umhverfismarkmiðin náist, þ.m.t. strangari umhverfisgæðakrafna, eftir því sem við á.

12. Breytingar á lögum um hollustuhætti nr. 7/1998:

Við 33. gr. c. bætist ný málsgrein svohljóðandi:
Umhverfis- og orkustofnun getur heimilað í starfsleyfi eða könnunarleyfi í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerð um geymslu koldíoxíðs í jörðu, niðurdælingu koldíoxíðs til geymslu, enda sé slík niðurdæling í samræmi við reglur um vernd grunnvatns og leiði ekki til hnignunar á ástandi viðkomandi vatnshlots eða þess að ekki sé hægt að ná fram umhverfismarkmiðum III. kafla laga um stjórn vatnamála. [hér vantar í texta frumvarpsdraga] heimilað í starfsleyfi eða könnunarleyfi í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerð um geymslu koldíoxíðs í jörðu, niðurdælingu koldíoxíðs til geymslu, enda sé slík niðurdæling í samræmi við reglur um vernd grunnvatns og leiði ekki til hnignunar á ástandi viðkomandi vatnshlots eða þess að ekki sé hægt að ná fram umhverfismarkmiðum III. kafla laga um stjórn vatnamála.

Á eftir [...] kemur nýtt ákvæði, [...], svohljóðandi:
Umhverfis- og orkustofnun skal endurskoða leyfi skv. þessum lögum reglulega og í tengslum við endurskoðun vatnaáætlunar laga um stjórn vatnamála og aðgerðaráætlunar hennar, að jafnaði á sex ára fresti. Skal breyta leyfi eða fella niður þar sem við á.

Bendi niðurstöður vöktunar eða aðrar upplýsingar til þess að ástandi vatns kunni að hnigna eða að umhverfismarkmið um vatnshlot skv. lögum um stjórn vatnamála náist ekki skal leitað á því skýringa og bæta umsvifalaust úr því með aðgerðum. Skal starfsleyfi eða könnunarleyfi þá endurskoðað og því breytt eða fellt niður eftir því sem við á. Gripið skal til mótvægisáðgerða eða annarra viðbótarráðstafana sem kunna að vera nauðsynlegar til þess að umhverfismarkmiðin náist, þ.m.t. strangari umhverfisgæðakrafna, eftir því sem við á.

[...]

—